ÚTSPARKIÐ

HÖTTUR REKSTRARFÉLAG

2016

EKKI GERA EKKI NEITT

motus



Stefán Þór Eyjólfsson
héraðsdómslögmaður

Bjarni G. Björgvinsson
hæstaréttarlögmaður

Fagmenn í heimabyggð

Pacta lögmenn á Austurlandi eru í öflugu liði um 30 annarra Pacta lögmanna víðsvegar um land, tilbúnir til að veita þér vandaða lögfræðiþjónustu og ráðgjöf.

Lögmenn Pacta búa yfir víðtækri reynslu og þekkingu á flestum sviðum lagaumhverfis einstaklinga, fyrirtækja, sveitarfélaga og stofnana. Með samræmdu upplýsingakerfi hafa lögmenn Pacta einstakan aðgang að sérþekkingu og reynslu annarra lögmanna stofunnar, hvar sem þeir starfa á landinu.

Hafðu samband við okkur í síma 440 7900
eða á netfangið pacta@pacta.is

PACTA
LÖGMENN

Pacta lögmenn
Kaupvangi 3a · 700 Egilsstaðir
Búðareyri 1 · 730 Reyðarfjörður

Landsliðsmenn 2016

Brynhildur Brá Gunnlaugsdóttir leikmaður meistara- og 3. flokks var valin til að leika með U17 landsliði Ísland á árinu. Fyrst var Brynhildur Brá valin til að leika með með U17 á norðurlandamótinu sem fór fram í Sarpsborg og Moss í Noregi en gat ekki tekið þátt í mótinu vegna meiðsla. Brynhildur Brá var svo valin til að taka þátt í undankeppni EM 2017 í Cork á Írland dagana 26. til 31. Október og lék þar sinn fyrsta leik fyrir Íslands hönd.

Velkomin í þjóðskóga Íslands!

skógræktin

Jólagjöf sem allir geta notað

Gjafakort Arion banka er hægt að nota hvar sem er.

Þú velur fjárhæðina, þiggjandinn velur gjöfina.

Gjafakortið fæst í öllum útibúum Arion banka.

Arion banki
– fyrir framtíðina

Knattspyrnustarf Hattar var í blóma á árinu 2016

Fyrsti skráði leikur tímabilsins var sunnudagi 6. mars gegn Tindastóli í mfl karla og síðasti leikur sumarsins var sömuleiðis hjá mfl karla gegn Gróttu 24. september. Á þessum 6 mánuðum spilaði Höttur alls 175 skráða leiki í öllum flokkum félagsins. 155 leikir voru spilaðir heima og að heiman frá 20 maí til 20 september. Það þýðir rúmlega 40 leikir á mánuði eða meira en einn leikur á dag að jafnaði, yfir mesta álagstímann. Og þetta eru bara leikir skráðir inná heimasíðu KSÍ.

Ef við tökum með æfingar allra flokka en þeir æfa frá þremur til fimm sinnum í viku, þá sést glögglega hvílík umferð er á æfinga- og leiksvæðum Hattar á Fella- og Vilhjálmsvelli.

Á bak við þessa knattspyrnuumferð ýmist á völlum sveitarfélagsins eða að heiman liggur mikil og óeigingjörn sjálfboðavinna margra íbúa sveitarfélagsins. Slíkt framlag er algjörlega ómetanlegt og ber að þakka.

Slíkt sjálfboðastarf fyrir samfélagið okkar gerir sveitarfélagið Fljótsdalshérað að enn betri stað til búsetu en ella. Til hamingju með ykkar framlag öll sömul.

Yngri flokka starfið hefur verið í góðum skorðum um langan tíma. Ástæður þessa eru margar, festa og öflugt starf stjórnarmanna í tengla- og foreldraráðum yngri flokka, hæfir þjálfarar og gott heilsárs æfinga- og keppnissvæði árið um kring. Yngri flokkarnir spiluðu á annað hundrað leiki á keppnistímabilinu og árangurinn yfirleitt góður. Það sem stendur uppi úr því starfi er mikil gróska sem þar ríkir og vonandi er að iðkendafjöldinn eigi enn eftir að vaxa. Öflug breidd í yngri flokkum Hattar stuðlar beint að betri árangri meistaraflokka félagsins.

Samstarf á Austurlandsvísu

Höttur var í samstarfi með öðrum félögum hér á Austurlandi í sumar um rekstur í mörgum aldurflokkum. Þar ber að nefna samstarf við KFF og Leikni í mfl kvenna, þriðja flokki karla og kvenna. Slíkt samstarf er öllum aðilum mjög mikilvægt og tryggir það að smærri félög geti sent lið til keppni í 11 manna bolta, sem eru mikilvægt uppá frekari þroska leikmanna.

Hjá deildinni starfa fjölmargir velmenntaðir þjálfarar og aðstoðarfólk, ásamt vallarstarfsmönnum og framkvæmdastjóra yfir sumartímann. En grunnurinn að starfinu er enn og aftur hið öfluga félagsstarf og starf sjálfboðaliða sem ber knattspyrnudeildina uppi. Sem dæmi um einn anga þessarar miklu vinnu eru sjálfsagt uppundir 100 dómarastörf við heimaleiki yngri flokka sem eru mönnuð meira og minna af sjálfboðaliðum. Dómarastjóri yngri flokka þetta árið var Friðrik Ingi Þráinsson. Hann skilaði góðri vinnu og á heiður skilinn fyrir sinn þátt.

Sérstakar þakkir fá þeir Grétar Reynisson og Unnar Erlingsson fyrir afnot af myndunum í blaðinu.

Framtíðin á Knattspyrnusviðinu

Höttur hefur allt til brunns að bera til að reka öfluga knattspyrnudeild. Meistaraflokkar okkar í karla- og kvennaflokki eru skipaðir ungum og efnilegum leikmönnum og rekstrarumhverfi er í nokkuð góðu jafnvægi eins og er. Það er mikilvægt fyrir knattspyrnudeild Hattar að horfa ávallt fram á veginn, setja sér ný markmið í öllum flokkum og reyna að gera betur í öllum þáttum félagsstarfsins jafnt utan og innan vallar.

Áfram Höttur
Árni Ólason formaður
knattspyrnudeildar Hattar.

Höttur þakkar eftirtöldum fyrirtækjum fyrir stuðninginn á árinu

Egilsstöðum
HÚSASMIÐJAN
Sími 470 3100 • www.husa.is
SNYRTISTOFAN ALDA
MENNTASKÓLINN Á EGILSSTÖÐUM
NÝHERJI
SJÓVÁ

Spyrnir 2016

Eins og undanfarin ár tók Spyrnir þátt í Launaflsbikarnum í ár. Liðið komst í úrslit fjórða árið í röð, en beið lægri hlut gegn varaliði Leikni F 2-3 þar sem við vorum yfir bæði 1-0 og 2-1. Stefán Þór Eyjólfsson og Þórarinn Máni Borgþórsson voru tvisvar búnir að koma okkur yfir í leiknum, en góður lokasprettur Leiknismanna gerði útslagið.

Tilgangur Spyrnis þegar klúbburinn var endurstofnaður á sínum tíma, var að leyfa ungum og efnilegum leikmönnum Hattar spreyta sig á meistaraflokksfótbolta, sem og þeim sem minni tíma höfðu í knattspyrnuna. Sá tilgangur þjónar þessum hópum ennþá þrátt fyrir að klúbburinn sé búinn að vera í utandeild undanfarin ár, en sú deild er einfaldlega orðin mun sterkari eftir að liðin á austurlandi fóru að færa sig upp um deildarkerfið á íslandsmótinu. Í ár tóku margir Hattarstrákar á 2.fl. aldri þátt í leikjum Spyrnis en það voru þeir Gísli Björn Helgason, Sigurður Orri Magnússon, Heiðar Logi Jónsson og Halldór Bjarki Guðmundsson. Sigurður Orri Magnússon var jafnframt valinn efnilegasti leikmaður sumarsins en hann steig verulega upp í sinni stöðu sem sóknarjafur hægri bakvörður. Halldór Bjarki var einnig búinn að ryðja sér leið inn í byrjunarlið Hattar í lok sumars. Verðlaun fyrir besta leikmanninn voru einnig veitt, en annað árið í röð var Þórarinn Máni Borgþórsson valinn leikmaður ársins en hann var jafnframt markahæsti leikmaður keppninnar með 11 mörk.

Nýjir þjálfarar Spyrnis voru kynntir til leiks á lokahófi klúbbsins – en þeir Arnar Jóel Rúnarsson, Egill Örn Jónsson og Benedikt Jónsson taka við af Hafþóri Atla Rúnarssyni.

Leikmenn sem tóku þátt sumarið 2016 voru Hafþór Atli Rúnarsson, Gísli Björn Helgason, Sigríður Baxter, Hreinn Gunnar Birgisson, Sindri Snær Birgisson, Stefán Þór Eyjólfsson, Þórarinn Máni Borgþórsson, Bjarni Þór Harðarson, Hörður Bragi Helgason, Halldór Bjarki Guðmundsson, Egill Örn Björnsson, Guðgeir Einarsson, Björgvin Karl Gunnarsson, Ingvar Rafn Stefánsson, Viðar Örn Hafsteinsson, Nökkvi Jarl Óskarsson, Arnar Jóel Rúnarsson, Viktor Sigbjörn Víðisson, Jóhann Valur Klausen, Björgvin Jónsson, Benedikt Jónsson, Marteinn Gauti Kárason, Markús Eyþórsson, Jón Karlsson, Gísli Már Magnússon, Anton Helgi Jónsson, Helgi Steinar Jónsson, Hafsteinn Gunnlaugsson, Ásmundur Hrafn Magnússon og Heiðar Logi Jónsson.

Hafþór Atli Rúnarsson

Jól og áramót á Fljótsdalshéraði

Hið árlega jólaball sem haldið er á vegum Lionsklúbbsins Múla og Fljótsdalshéraðs verður í íþróttahúsinu í Fellabæ föstudaginn 27. desember kl. 17 – 19.

Áramótabrennan sem haldin er í samstarfi Björgunarsveitarinnar og Fljótsdalshéraðs verður á Egilsstaðanesi 31. desember. Kveikt verður í brennunni kl. 16.30 og flugeldasýningin hefst kl. 17.00.

Hátíðarguðsþjónusta í Egilsstaðakirkju kl. 16.00.
Gert er ráð fyrir að henni verði lokið um svipað leyti og brennan hefst.

Þrettándagleði og álfabrenna sem haldin er í samstarfi Hattar og Fljótsdalshéraðs verður í Tjarnargarðinum á Egilsstöðum 6. janúar. **Skrúðganga og blysför** verður frá íþróttamiðstöðinni kl. 17.15, en kveikt verður í brennunni um kl. 17.30.

Fljótsdalshérað

Fljótsdalshérað - Lyngási 12 - 700 Egilsstaðir - sími 4 700 700 - www.fljotsdalsherad.is

Meistaraflokkur kvenna - Tímabilið 2015-2016

Það er af nógu að taka þegar litið er um öxl og farið í saumana á síðastliðnu sumri hjá stelpunum okkar. Þegar ég var fenginn í það verkefni að þjálfa meistaraflokk kvenna hjá Hetti hafði ég ekki minnsta grun um hvað það væri sem ég var að taka mér fyrir hendur. Við, þjálfari og leikmenn, stóðum frammi fyrir erfiðu verkefni til að ná að byggja upp lið eftir kynslóðaskipti og brottfall leikmanna undanfarinna ára. Ljóst var að nýjir leikmenn fengju stærra hlutverk og þarna var tækifæri fyrir unga leikmenn að láta ljós sitt skína. Stríðsaxirnar voru jafnaðar við jörðu gagnvart „erkifjendum“ okkar austan heiða og var ráðist í að sameina lið Hattar og Fjarðabyggðar – til að byrja með fyrir Lengjubikarinn og sjá svo til með framhaldið. Sameiginlegar æfingar fóru af stað þar sem undirritaður sá um þær ásamt Söru Atladóttur.

Lengjubikarinn fór af stað án mikils undirbúnings og t.a.m. var ég að sjá þónokkra leikmenn í fyrsta sinn á ævinni. Leikurinn gekk framar vonum og enduðu leikar með jafntefli, 1-1. Ég var býsna lukkulegur með úrslitin og leit björtum augum á sumarið – hélt ég væri frábær þjálfari en þá kom skellurinn; úrslitin dæmdust andstæðingnum 3-0 í vil vegna þeirrar hvimleiðu reglu að bannað sé að tefla fram ólöglegum leikmanni. Markaskorari okkar í leiknum var skráð í Leikni F. og því ekki gjaldgeng í téðum leik. Mín fyrstu og alls ekki síðustu mistök sem þjálfari höfðu litið dagsins ljós. Í framhaldinu töpuðum við 0-4 gegn Völsungi eftir erfiðan leik. Völsungsstúlkurnar áttu þó eftir að fá það borgað til baka seinna um sumarið. Tveir sterkir sigrar fylgdu í kjölfarið og var Lengjubikarnum lokið með 6 stig (7) og liðið smám saman að ná samheldni.

Áður en vikið verður að sumrinu sjálfu verður að koma hér fram að vinnubrögð KSÍ varðandi skipulagningu og uppröðun leikja í 1.deild kvenna þetta sumarið voru forkastanleg. Einungis 6 lið voru skráð til leiks í okkar riðli og var það borið undir forráðamenn félaganna hvort þau vildu taka þátt í hinum riðlunum (og þar af leiðandi fljúga suður í nær alla útileiki með tilheyrandi kostnaði) eða hafa þrefalda umferð í okkar riðli (sem skipaður var liðum af norður- og austurlandi) þar sem 15 leikir yrðu í boði í stað 10. Til að gera langa sögu styttri þá ákvað KSÍ að 10 leikir myndu duga í þetta skiptið. Mér er spurn hvort að slíkt væri látið viðgangast í karlaboltanum en ég dreg það stórlega í efa. Eitt ónefnt lið í okkar riðli (verður ekki nafngreint vegna þess að við höfum annars ekkert út á Tindastól að setja) sá sér þar leik á borði og frestaði nær öllum leikjum sínum fram yfir opnun félagaskiptagluggans. Það er tæplega tilviljun að þá hafi þetta ónefnda félag náð sér í sterka leikmenn frá Ameríku sem fengu leikheimild þegar glugginn opnaði á ný. Skólabókardæmi um „löglegt en siðlaust“ athæfi. Adam var kannski ekki lengi í paradís fyrir Kaupfélag Skagfirðinga og co. í ljósi nýafstaðinna kosninga en nóg um það, karma is a bi**h!

Deildarkeppnin hófst á „Hinum klassíska“ (s. El Clasico) en þar mættum við Einherja á iðagrænum Fellavelli. Verður hér að hrósa Vopnfirðingum fyrir að ná að halda úti kvennaliði nær eingöngu byggt á heimastúlkum og geta önnur félög á

austurlandi tekið sér það til fyrirmyndar. Hegðun forsvarsmanna félagsins vill þó oft vera löstur á heildarmynd þeirra og þótti undirrituðum leiðinlegt að heyra þjálfarateymi Einherja ítrekað hvetja sína leikmenn til að sparka 15 ára gamla stúlku niður af þeirri einni ástæðu að hún er miklu betri í fótbolta en andstæðingar hennar. Jafntefli var niðurstaðan eftir dramatískar lokamínútur. Bikarleikur gegn Völsungi var næsta verkefni. Eftir markalausar 120 mínútur, þar sem markvörður Völsunga hafði varið eins og múrveggur, var komið að vítaspyrnukeppni. Múrinn féll og við komnar áfram í 16-liða úrslit eftir að Steinunn hafði varið tvær spyrnur. Næst var útileikur gegn Sindra sem tapaðist og varð okkar versta frammistaða um sumarið. Hugur leikmanna var e.t.v. við bikarleik gegn Fylki sem var spilaður seinna í sömu viku. Fylkisleikurinn var skemmtilegt verkefni sem veitti leikmönnum reynslu þrátt fyrir að úrslitin hafi vægt til orða tekið ekki verið okkur í hag. Vendipunktur leiksins var klárlega þegar löglegt mark var dæmt af Brynhildi eftir að hún virtist vera að minnka muninn í 10-1 þegar um 10 mínútur voru til leiksloka. Þarna tapaði dómarinn leiknum fyrir okkur þar sem þær gerðu út um leikinn með ellefta markinu í uppbótartíma. En að öllu gríni slepptu náði liðið góðum rispum inn á milli og ef við hefðum fengið að spila aftur gegn sama liði þá hefðum við gert mun betur – virðingin var of mikil gagnvart andstæðingnum í þetta skiptið. Liðið þjappaði sér saman og vann góðan heimasigur á Norðfjarðarvelli gegn Völsungi, 3-1. Frábær spilamennska í þeim leik og gaf góð fyrirheit hvað varðaði framhaldið. Það var því ákveðinn skellur að tapa 1-0 gegn Hömrunum á Akureyri þar sem liðið spilaði nánast óaðfinnanlega en við náðum ekki að koma boltanum í netið og því miður fyrir okkur er það nákvæmlega það sem þessi fallega íþrótt snýst um. Útileikur á móti Einherja kom næst þar sem þær tóku okkur í kennslustund. Eftir leikinn gátum við þjálfararnir ekki annað gert en að hrósa þjálfurum Einherja fyrir góða frammistöðu. Þegar þarna er komið við sögu er staðan orðin erfið fyrir okkur og því var að duga eða drepast. Næstu andstæðingar voru Skagfirðingar. Með vængbrotið lið mættum við þeim á Vilhjálmsvelli þar sem nokkrar stúlkur úr 3.flokki sem ekki höfðu spilað með okkur áður fengu að spreyta sig. Liðið stóð sig mjög vel í leiknum þrátt fyrir að tap hafi orðið niðurstaðan. Næst tóku við tveir sigurleikir gegn Sindra og Völsungi þar sem Halla Helgadóttir skoraði öll okkar mörk í þeim leikjum. Eftir þessa leiki áttum við veika von um að halda sæti okkar í 1.deildinni en efstu 3 liðin í riðlinum héldu sæti sínu í deildinni á meðan hin féllu í 2.deild. Markalaust jafntefli á heimavelli gegn Hömrunum gerði þó út um vonir okkar og urðum við því að bíta í það súra epli að sætta okkur við fall.

Einaras

Síðasti leikur tímabilsins var því settur upp með skemmtun í huga og tapaðist hann gegn sterku liði Tindastóls sem sigraði okkar riðil örugglega. Þó ber að geta þess að mikill merkisatburður átti sér stað í leiknum þegar Sara Atladóttir stangaði fyrirgjöf í netið við mikinn fögnuð viðstaddra. Flottur endir á flottu sumri!

Þegar ég horfi yfir farinn veg get ég ekki verið annað en þakklátur fyrir það tækifæri sem mér var gefið að fá að þjálfa þennan hóp af miklum snillingum. Þeir möguleikar sem ég sé fyrir mér hvað liðið varðar eru ótalmargir því hér er mikill efniviður og góðir leikmenn sem verður að hlúa að. Sé það gert almennilega get ég fullyrt að félagið Fjarðabyggð/Höttur á góðan og raunhæfan möguleika á að eiga lið í efstu deild kvenna, fyrr en marga grunar.

Í lokin vil ég þakka stelpunum fyrir sumarið og verður þessum seinustu orðum beint til þeirra: Þetta var gríðarlegur skóli fyrir mig en ég vona að á móti hafi ég náð að miðla einhverri þekkingu til ykkar. Sumarið var mér dýrmætt þar sem ég fékk algjörlega nýja sýn á hlutina sem ég mun geta notað í komandi framtíð og fyrir það vil ég þakka ykkur. Þið getið miklu meira en þið haldið og ég hvet ykkur til að nota veturinn vel til að sýna fólki næsta sumar hvað virkilega í ykkur býr. Að lokum vil ég svo þakka Söru Atladóttur kærlega fyrir samstarfið. Ég lærði heilmikið af henni og manneskju með meiri ástríðu fyrir kvennaliðinu okkar er erfitt að finna.

Jónas Hafsteinsson
Takk kærlega fyrir mig!

Höttur þakkar eftirtöldum fyrirtækjum fyrir stuðninginn á árinu

FÓÐURBLANDAN - gæði í hverri gjöf
ÍSLENSKA HAMBORGARAFABRIKKAN
PÓSTURINN
LANDSNET
LA LAUNAFL
HEILSULEIÐIR

Getraunastarf Hattar

EIGINLEGA BARA HEPPNI!

Í góðan áratug hefur Rekstrarfélag Hattar haldið úti frábæru starfi tengt íslenskum getraunum og enska boltanum. Tugi manna hittast hvern laugardagsmorgun og sötrar kaffi og étur kleinur eða annað hnossgæti með og fer yfir leiki helgarinnar. Það skapast oft líflegar umræður og skemmtilegar sögur og brandarar, bæði tengdu hversdagslífinu sem og enska boltanum. Þó að stórt hlutfall af þessum einstaklingum sem taka þátt séu fyrrum, núverandi eða tilvonandi Hattarar, alls staðar af landinu, þá eru einnig einstaklingar að taka þátt neðan af fjörðum! Djúpivogur, Breiðdalsvík og Stöðvarfjörður eiga nokkra einstaklinga sem tippa um hverja helgi. Þess má til gamans geta að í þeim stórkostlega skemmtilega getraunaleik okkar, sem tekur allan veturinn og er gríðarlega spennandi, urðu sigurvegarar síðasta vor, lið sem er skipað snillingum frá Djúpavogi og Stöðvarfirði. Gulrótin í þessum leik okkar er sú að ekki bara eiga menn möguleika á að fá 13 rétta um hverja einustu helgi, heldur fær sigurvegarinn eftir 38 helga keppni, miða fyrir 2 á úrslitaleik meistaradeildarinnar á hverju vori! Líkurnar á að Höttur fái þessa tvo miða í gegnum KSÍ til að gefa í keppninni eru 90%. Þessa tölu fæ ég auðveldlega út því aðeins einu sinni á síðustu 10 árum hefur það klikkað :-) Síðasta vor komust ekki sigurvegararnir í keppninni á leikinn og því fóru drengirnir í öðru sæti út og skemmtu sér vel á stórkostlegum heimavelli Milano liðanna, San Siró. Þar áttust við liðin Atletico Madrid – Real Madrid ... **Toppiði það!**

Hin síðari ár höfum við svo einnig fært okkur yfir á samfélagsmiðlana og er hópur á Facebook sem heitir einfaldlega: Getraunastarf Hattar!!! Þar gerast hlutirnir hratt og koma úrslit dagsins oftast inn innan hálftíma eftir a þau eru ljós!

Ég hvet alla áhugasama tippara að hafa samband, á netfangið hottur700@gmail.com eða finna okkur á Facebook undir: Getraunastarf Hattar!!!

Til að gera dæmið einfalt þá sýni ég ykkur dæmi hvað þetta skiptir miklu máli fyrir Hött.

Ef þú tippar fyrir 1000 krónur og merkir við 700 í félag, þá fær höttur 150 krónur (15%). Ef þú hins vegar kemur uppí Hettu (húsið hjá fótboltavellinum fyrir þá sem ekki vita) eða sendir raðirnar þínar á netfang Hattar (hottur700@gmail.com) og við sem sjáum um starfið skrifum þær í gegnum kerfið okkar, þá fær Höttur 260 krónur (26%). Um hverja helgi er Rekstrarfélagið því að fá töluverða fjárhæð inn og heilt yfir er þetta um 1 milljón til 1200 þúsund sem kemur inn á ársgrundvelli. Ekki amaleg fjáröflun það! Því segi ég....
Hættu að vera sófaTippari og byrjaðu á að vera HettuTippari!!!

Fyrir hönd Getraunastarfs Hattar,
Guðmundur Bj. Hafþórsson.

Getraunatíðindi

18. leikvika

Höttur rekstrarfélag ehf

34. tbl., 12. árg.
May. 2016

Meistaradeildin

38. umferð

Meistarinn - Jón Bóndi	11-10
Keli Freys - Spyrnir	11-10
BVA - Dj. EMG	6-9
Bondarar - Bogason	9-11
Skytturnar - P.S.	10-10
Fræknir Félagar - Útaf með hræið	9-6
Dúddi - Brío Tríó	11-10
Bæjartré - DOS Samsteypan	7-9
VHE - The Park	9-9
Loftus ehf - Málarar	9-10

Molarnir...

- Loftus ehf sigra deildina í ár og fá því miða á úrslitaleikinn á í meistaradeildinni.
- Málarar í öðru sæti og The Park í því þriðja.
- The Park enda í fyrsta sætinu á peningalistanum og unnu sér inn 121 þúsund en Keli Freys voru næstir með 96 þúsund kr.
- Vinningar voru skammarlega litlir í ár samanborið við milljónir síðasta árs enda þurfti Gummó sjálfur að bjóða upp á bjórinn í fyrirpartýinu í Hettunni.
- Slúttið gekk vel fyrir sig og voru veittar viðurkenningar eins og venjulega.

	Lið	L	S	J	T	Mörk skoruð	Mörk á sig	Mörk	St
1	Loftus ehf	38	22	11	5	352	323	29	77
2	Málarar	38	20	16	2	367	335	32	76
3	The Park	38	20	12	6	366	334	32	72
4	Meistarinn	38	18	12	8	367	352	15	66
5	Dj. EMG	38	19	5	14	349	329	20	62
6	Keli Freys	38	18	7	13	350	333	17	61
7	Bogason	38	17	9	12	345	335	10	60
8	Brío Tríó	38	15	12	11	350	337	13	57
9	VHE	38	15	8	15	330	339	-9	53
10	Skytturnar	38	14	9	15	328	342	-14	51
11	Bæjartré	38	16	3	19	322	331	-9	51
12	P.S.	38	13	10	15	335	341	-6	49
13	Fræknir Félagar	38	13	9	16	332	335	-3	48
14	Bondarar	38	13	7	18	330	344	-14	46
15	BVA	38	10	14	14	328	337	-9	44
16	Spyrnir	38	12	6	20	336	348	-12	42
17	Dúddi	38	12	5	21	323	341	-18	41
18	Jón Bóndi	38	10	8	20	324	342	-18	38
19	Útaf með hræið	38	9	5	24	323	341	-18	32
20	DOS Samsteypan	38	7	6	25	300	338	-38	27

Peningalistinn

Lið	Fjárhæð
The Park	121.196 kr.
Keli Freys	96.646 kr.
Skytturnar	54.710 kr.
Meistarinn	47.180 kr.
BVA	41.130 kr.
Útaf með hræið	37.210 kr.
VHE	35.780 kr.
Brío Tríó	32.910 kr.
Dúddi	29.450 kr.
Dj. EMG	28.595 kr.
Málarar	28.290 kr.
Loftus ehf	27.510 kr.
Bogason	24.580 kr.
Fræknir Félagar	22.660 kr.
Jón Bóndi	22.470 kr.
Spyrnir	17.090 kr.
Bondarar	16.910 kr.
DOS Samsteypan	16.600 kr.
P.S.	14.785 kr.
Bæjartré	6.665 kr.
Samtals	722.367 kr.

Netfang getrauna er : Hottur700@gmail.com

Eftir hverja helgi er gefið út fréttabréf sem er sent á netfang allra þeirra sem taka þátt þannig að hægt er að fylgjast náið með hvernig málin þróast.

Meistaraflokkur karla - sumarið 2016

Í fyrra tímabilið 2015 endaði Höttur í 5. sæti í 2. deild sem er þriðji besti árangur liðsins frá upphafi en árið 2010 náði liðið 4. sæti og árið 2011 endaði liðið í 2. sæti og fór uppí 1. deild. Þrátt fyrir þetta töldu flestir í kringum liðið að það hefði mátt að gera betur og að efniviður væri í liðinu til að fara upp um deild. Helsta vandamál liðsins sumarið 2015 var að skora mörk og komu margir „sérfræðingar" að máli við mig með tillögur að lausnum, misfrumlegum. Margir gagnrýndu líka varnarleikinn og töldu að varnarlínan væri ekki í formi og að varnarleikurinn hafi orðið okkur að falli. Skoðum þetta aðeins í sögulegu ljósi, sjá töflu hér að neðan.

Eins og sjá má þá er varnarleikurinn sumarið 2015 sá besti sem Hattarliðið hefur sýnt í mörg ár og sóknarleikurinn í þokkalegu meðaltali. Verkefni ársins var því að bæta sóknarleik liðsins án þess að það kæmi mikið niður á varnarleiknum.

Leikmannamál

Hafandi það í huga að varnarleikur liðsins var góður var ákveðið að styrkja liðið sóknarlega. Alexander Már Þorláksson, Jordan Tyler og Jökull Steinn Ólafsson gengu til liðs við Hött en samanlagt skoruðu þeir 29 mörk fyrir KF sumarið á undan. Sindri Geirsson markmaður úr Þrótti spilaði með okkur í Lengjubikarnum og Steinar Logi Sigurþórsson skipti aftur í Hött frá KH í félagaskiptaglugganum í júlí. Óttar Steinn Magnússon og Halldór Fannar Júlíusson tóku sér frí frá fótbolta, Óttar Guðlaugsson fór í Selfoss, Aron Gauti Magnússon fór aftur heim í Fjarðabyggð og Jónas Ástþór Hafsteinsson gat ekki verið með vegna meiðsla.

Af þeim 23 leikmönnum sem spiluðu með liðinu í sumar hafa 12 spilað með yngri flokkum félagsins, 4 eru tengdasynir Egilsstaða, 2 erlendir leikmenn, 3 komu á láni og 1 var keypur til liðsins.

Undirbúningstímabilið

Fyrsta verkefni ársins var að liðið tók þá í Fótbolti.net mótinu í samstarfi við Leikni og Huginn. Leikið var gegn Keflavík, Gróttu, Haukum og Selfoss. Þá spilaði liðið æfingaleiki við Sindra og Leikni hérna fyrir austan.

Fyrsti leikurinn í Lengjubikarnum þetta árið var þann 6. mars gegn Tindastól í Boganum á Akureyri. Leikurinn endaði með 7-1 sigri og skoruðu Garðar Már 3, Jökull Steinn 2, Högni og Kristófer mörkin. Í markinu var Sindri Geirsson sem koma á láni frá Þrótti Reykjavík og þá spilaði Jökull Steinn Ólafsson sinn fyrsta leik fyrir Hött.

Leikmenn	L	M	G	R
Alexander Már Þorláksson	21	8	0	0
Anton Helgi Loftsson	1	0	0	0
Brynjar Árnason	21	6	4	0
Elvar Þór Ægisson	3	0	0	0
Friðrik Ingi Þráinsson	20	1	5	0
Garðar Már Grétarsson	15	3	2	0
Gísli Björn Helgason	1	0	0	0
Halldór Bjarki Guðmundsson	9	0	1	0
Halldór Jón Sigurður Þórðars.	9	1	2	0
Högni Helgason	19	5	3	0
Ísleifur Guðmundsson	21	0	3	0
Jordan Chase Tyler	21	4	2	0
Jordan Farahani	9	1	1	2
Jovan Kujundzic	22	0	0	0
Jökull Steinn Ólafsson	12	1	3	0
Kristófer Einarsson	21	0	4	0
Kristófer Örn Kristjánsson	21	0	4	0
Marteinn Gauti Kárason	18	0	3	0
Runólfur Sveinn Sigmundsson	6	0	1	0
Sigurður Hrannar Björnsson	11	0	3	0
Steinar Aron Magnússon	12	0	1	0
Steinar Logi Sigurþórsson	10	0	0	0
Sæbjörn Guðlaugsson	1	0	0	0

Næst var leikið gegn Dalvík/Reyni í Boganum þann 19. mars og endaði leikurinn með 1-2 sigri. Eftir að hafa unnið stór sigur á Tindastól í fyrsta leik og verið 2-0 yfir í hálfleik datt botninn úr leik liðsins í seinni hálfleik þar sem Dalvík/Reynir náði að minnka muninn og voru nálægt því að jafna.

Því næst var tekið á móti Völsung á Fellavelli sem vann leikinn 3-2. Hér var farið að kræla á því gamla hvimleiða vandamáli að nýta færin. Liðið

Ár	Deild	Sæti	Félag	L	U	J	T	Mörk	Net	Stig	Þjálfari
2011	2. deild	2	Höttur	22	12	5	5	48 - 31	17	41	Eysteinn Húni Hauksson
2010	2. deild	4	Höttur	22	11	3	8	39 - 31	8	36	Jón Páll Pálmasson
2015	2. deild	5	Höttur	22	11	1	10	32 - 26	6	34	Gunnlaugur Guðjónsson
2009	2. deild	7	Höttur	22	7	6	9	32 - 31	1	27	Njáll Eiðsson
2016	2. deild	7	Höttur	22	7	6	9	31 - 39	-8	27	Gunnlaugur Guðjónsson
2008	2. deild	9	Höttur	22	6	6	10	34 - 41	-7	24	Njáll Eiðsson
2007	2. deild	6	Höttur	22	7	2	9	25 - 28	-3	23	Njáll Eiðsson
2013	2. deild	11	Höttur	22	4	7	11	25 - 39	-14	19	Eysteinn Húni & Birkir Pálsson

fékk fjöldan allan af dauðafærum en inn vildi boltinn ekki nema tvisvar sinnum og gerður gestirnir annað markið sjálfir og Kristófer Örn hitt. Úrslitin verða þó að teljast sanngjörn þar sem Bjarni Viðar átti stórleik í markinu.

Þann 9. apríl var tekið á móti Magni á Fellavelli og endaði leikurinn með jafntefli 2-2. Garðar Már og Steinar Aron með mörkin þar sem Steinar Aron jafnaði í lokin eftir að Garðar Már fékk rautt spjald og liðið manni færri.

Sigur náðist í síðasta leik Lengjubikarsins þegar Höttur mætti KF á Fellavelli og hafði sigur 4-2. Jordan Chase Tyler spilaði þar sinn fyrsta leik fyrir liðið. Brynjar Árna skoraði þrennu í leiknum, 2 beint úr aukaspyrnum og 1 úr víti og Högni bætti því fjórða við.

Íslandsmótið og bikarinn

Fyrsti leikur Hattar í Borgunarbikarnum þetta árið var 30. apríl gegn Einherja á Fellavelli þar sem ljóst var að sigurvegarinn myndi mæta Huginn í næstu umferð. Leikurinn endaði með 2-0 sigri þar sem Elvar Þór skoraði úr vítaspyrnu og Steinar Aron rak endahútinn á góða sókn og sendingu frá Brynjari.

Fyrsti leikurinn í deildinni er alltaf sérstakt tilhlökkunar efni. Það var því eftirvænting í loftinu þegar Höttur tók á móti Njarðvík þann 7. maí á Fellavelli. Frá áramótum var liðið búið að spila 14 leiki og mætti vel undirbúið til leiks. Það var hins vegar talsverður vorbragur á þessum leik sem einkendist af miðjumoði. Fátt var um færi og fátt bendi til annars en að hann endaði með tíðindalitlu 0-0 jafntefli en á 94 mínútu skoraði Höttur sérstaklega klaufalegt sjálfsmark sem var jafnframt það síðasta sem gerðist í leiknum. Óhætt er að segja að mjög erfitt var að rífa sig upp eftir þetta tap. Það voru vonbrigði að spila ekki betur í leiknum og þetta sjálfsmark stráði salti í sárin. Í hnotskurn varla hægt að hugsa sér verri byrjun á tímablinu.

Það var þó ekki tími til að liggja í sjálfsvorkun þar sem liðið tók á móti Huginn á Fellavelli 10. maí og því strax möguleiki að komast á beinu brautina. Það tókst hins vegar ekki þar sem Huginn vann leikinn 1-0 og bikardrauminn því úti. Höttur spilaði hins vegar vel í þessum leik og margt jákvætt í leik liðsins. Hörkuleikur sem gat fallið hvernig sem er gegn hörku góðu Huginsliði var vonandi skref í rétta átt. Í hnotskurn 50/50 leikur.

Næst tók við ferðalag vestur á Ísafjörð í leik gegn Vestra. Fyrrum leikmenn Hattar þeir Ásgeir og Halldór eru í dag aðstoðarþjálfari og varamarkmaður Vestra. Ferðin vestur var hin skemmtilegasta. Keyrt var vestur á föstudegi og gist í Bjarkalundi í Reykhólasveit og Litla-Skarði í Borgarfirði. Eftir staðgóðan morgunverð var svo ekið til Ísafjarðar á laugardeginum um Þröskulda yfir Steingrímsfjarðarheiði og í gegnum Djúpið. Frábært veður og útsýni á leiðinni og því hægt að njóta náttúrufegurðarinnar á Vestfjörðum. Leikurinn fór fram á iðagulum Torfanesvellinum þar sem ekki var mikil spretta þetta snemma í maí. Í fyrri hálfleik fáum við 2 dauðafæri áður en við gefum þeim mark á silfurfati. Missum boltann við eigin vítateig og fáum á okkur aukaspyrnu sem send var inná teig þar sem 2 varnarmenn gátu hreinsað burt áður en boltinn lak í gegnum klofið á markmanninum. Ekki löngu seinna skorum við sjálfsmark. Í seinni hálfleik sóttum við meira en heimamenn en náðum ekki að skapa neitt að ráði. Leikurinn endaði því 2-0 og 9 tíma ferðalag heim varð ekki aðveldara fyrir vikið. Ekki léleg frammistaða en ekki heldur nægilega góð. Ekki hjálpaði að Chico var rekinn útaf í seinni hálfleik en þá var leikurinn reyndar tapaður. Samlokur í boði heimamanna og rúllað heima. Í hnotskurn vorum við aular.

Næst var tekið á móti KF á Fellavelli og ljóst að ekkert annað en sigur kom til greina. Leikurinn byrjaði ekki vel þar sem KF komst yfir eftir nokkrar mínútna leik þegar varnartröll þeirra skallaði inn aukaspyrnu. Sú forysta entist ekki lengi þar sem Alexander jafnaði úr vítaspyrnu stuttu síðar. Það verður að viðurkennast að vítaspyrnan var af ódýrari gerðinni en eftir hana tókum við öll völd á vellinum og Garðar Már skoraði frábært mark með skoti utan teigs og Alexander bætti við sínu öðru marki á loka mínútu fyrri hálfleiks. KF vildi rangstöðu en sem betur fer var línuvörðurinn vel á verði. Í seinni hálfleik bættu Garðar Már og Jordan við mörkum og úrslitin 5-1 sigur. Í hnotskurn auðveldur sigur en ekkert sérstök spilamennska.

Flestir spáðu ÍR sigri í deildinni og því ljóst að um erfiðan leik yrði að ræða þegar þeir komu í heimsókn á Fellavöll. Leikurinn endaði 1-1 og verður að teljast einn af betri leikjum Hattar þetta tímabilið. Höttur voru betra liðið í þessum leik þó svo að ÍR-ingar væru alltaf hættulegir í skyndisóknum. Eftir slæm mistök á miðjunni og ennþá verri í vörninni gáfum við þeim mark um miðjan fyrri hálfleikinn. En það virtist bara efla liðið og sóttum við nánast látlaust á ÍR-ingar það sem eftir lifði fyrri hálfleiks og það skilaði jöfnunarmarki á 44 mínútu. Boltanum var

Garðar Már skorar gegn KF.

Friðrik Ingi lætur vaða.

Jökull Steinn gegn Völsungi.

Halldór Bjarki leggur upp færi á móti Einherja.

Marteinn Gauti sækir upp kantinn.

spilað frá aftasta manni inná Garðar Már á miðjunni sem snéri af sér 2 varnarmenn og sendi frábæra sendingu inná Jordan sem lagði boltann snyrtilega í markið. Í seinni hálfleik sóttum við strax af krafti og átti markmaður ÍR nokkrar góðar vörslur. Ekki tókst að bæta við marki og smá saman jafnaðist leikurinn og jafntefli niðurstaðan. Í hnotskurn góð frammistaða sem gaf vonir um betri tíð.

Því miður reyndust það falsvonir því liðið tapaði næsta leik gegn KV í Vesturbæ Reykjavíkur. Furðulegur leikur að mörgu leiti. Hattarliðið var mun betri aðilinn í þessum leik og átti að klára þennan leik auðveldlega en mönnum var alveg fyrirmunað að skora. Og eina mark leiksins var gjöf frá hinni heilögu þrenningu. Dómarinn dæmdi víti á ekki neitt, enginn bað um víti, enginn vissi hvað hann dæmi á og ekki gat dómarinn heldur gefið neinar skýringar á hvað hann dæmi. Leikmaður KV tók vítið og skaut langt yfir og réttlætinu fullnægt. Eða nei. Línuvörðurinn veifaði eins og óður og vildi láta taka vítið aftur. Diddi hafði hreyft sig aðeins of snemma. Það hefði verið munur að hafa línuvörð með slíka röntgen sjón á EM í sumar. KV maðurinn mætti aftur en núna varði Diddi en boltinn fór aftur út í teig og þar voru KV menn fyrstir að átta sig og náðu að moka boltanum í netið. Viðbjóður og ekkert annað. Við verðum hins vegar að taka það á okkur að hafa ekki nýtt amk eitt af þeim fjölmörgu færum sem við sköpuðu í þessum leik. Í hnotskurn þá voru þetta 3 töpuð stig.

Áfram héldum við að haltra þegar tekið var á móti Ægi á Fellavelli. Eftir varnarmistök snemma leiks skora Ægismenn fínt mark og komast yfir. Við tekur nánast látlaust sókn á mark Ægis og nokkur góð marktækifæri þar á meðal vítaspyrna sem markmaður Ægis varði. Staðan í hálfleik því 0-1. Í byrjun seinni hálfleiks náði Alexander að jafna leikinn og Ægismenn í nauðvörn. Það var því talsvert kjaftshögg þegar alveg uppúr þurru við gefum Ægi mark eftir herfileg varnarmistök. Fljótlega eftir markið náum við samt að jafna þegar Högni skorar eftir góða sókn. Það sem eftir lifði leiks fengu bæði lið nokkur góð marktækifæri. Leikur sem við áttum að klára en í lokinn máttum við kannski þakka fyrir eitt stig. Stundum er talað um að lið spili gegn sjálfu sér og var þessi leikur skólabókardæmi. Í hnotskurn pirringur, svekkelsi og töpuð stig.

Nú tók við EM frí í deildarkeppninni og notuðu nokkrir leikmenn tækifærið og skellu sér til Frakklands. Aðrir æfðu áfram á fullu og spiluðu æfingaleik við vini okkar í Huginn á Seyðisfirði.

Til að komast að því hvort það væri líf eftir EM fórum við á Húsavíkurvöll og öttum kappi við heimamenn í Völsung. Okkur entist móðurinn í 30 mínútur og náðum forystu með frábæru marki frá Frikka sem skoraði með þrumuskoti fyrir utan teig óverjandi í bláhornið. Markmaður Völsungs var hins vegar frábær líka og varði hvað eftir annað og hélt sínum mönnum inní leiknum. Og hvað gerist venjulega þegar lið nýtir ekki færin sín? Jú mönnum er refsað og þessi leikur var engin undartekning. Eftir 2 varnarmistök í lok fyrri hálfleiks komst Völsungur í 2-1 og þannig var staðan í hálfleik. Menn meiga eiga það að þeir reyndu í seinni hálfleik en barátta heimamanna var til fyrirmyndar og þeir einfaldlega vildu stigin meira en við. Í hotskurn vikilega svekkjandi tap og EM þynnka.

Þegar kom að leik við Magna á

Runólfur Sveinn missti mikið úr en var mjög sterkur þegar hann spilaði.

Jordan Tyler, er bara eitt lið á vellinum.

Vilhjálmsvelli var ljóst að ekkert annað en 3 stig myndu duga. Leikurinn var jafn og ekki mikið um góð færi. Þó fengu Magni betri færi í upphafi sem Diddi varði. Um miðjan fyrri hálfleik skoraði Chico gott mark þegar hann skallaði inn hornspyrnu og stuttu seinna lagði hann boltann út á Halldór Jón sem skoraði með hnitmiðuðu skoti utan vítateigs. Staðan því 2-0 í hálfleik. Snemma í seinni hálfleik náði Magni að minnka muninn og allt útlit fyrir spennandi leik. Það varð þó ekki raunin því Hattarliðið sigldi þessu stigum nokkuð örugglega heim. Vorum þéttir fyrir og gáfum fá færi á okkur og sköpuðum fín tækifæri í skyndisóknum. Meira var þó ekki skorað og góður sigur staðreynd. Í hnotskurn góður sigur í 50/50 leik.

Næst tók við ferðalag yfir Öxi og um hina fögru Suðurfirði á leiðinni til Hafnar í Hornafirði þar sem við mættum Sindarmönnum við toppaðstæður. Sindri með hörkulið og því mátti búast við erfiðum leik sem varð svo raunin. Fyrri hálfleikur var jafn en lítið um góð færi þó komumst við í tvö þokkaleg færi þegar Brynjar komst á auðan sjó í vítateig heimamanna. Þau færi skiluðu þó ekki mörkum. Undarlegt atvik átti sér stað um miðjan fyrri hálfleiki þegar Marteinn náði boltanum af aftasta varnarmanni Sindra og brunaði í áttin að marki. Varnarmaðurinn bregður á það ráð að negla Martein niður og áttu allir viðstaddir von á að sjá rautt spjald á lofti. En dómari leiksins ákvað að dæma ekkert. Í seinni hálfleik var leikurinn áfram jafna og mikil barátta. Á 75 mínútu varð Chico okkar besti maður fyrir alvarlegum meiðslum þegar hann lenti illa eftir að hafa farið uppí skallaeinvígi. Strax var ljóst að hann þurfti að komast sem fyrst undir læknishendur og var hann fluttur á heilsugæsluna á Höfn. Í kjölfarið fékk Sindri 3 góð færi til að klára leikinn en Diddi fór á kostum í markinu. Við áttum líka okkar færi því á síðustu mínútu í uppbótartíma sem var talsverður komust Alexander og Halldór Jón einir gegn markmanni Sindra. Alexander gaf boltann á Halldór sem var á einhvern óskiljanlegan hátt dæmdur rangstæður. Við svo búið flautaði dómarinn leikinn af og niðurstaðan 0-0 jafntefli. Þegar ég skilaði mér á heilsugæsluna til að kanna ástandið á Chico var búið að gefa honum bestu fáanlegu verkjalyf og líðan hans því ágæt. Það var ekki fyrr en undir miðnætti sem læknirinn taldi óhætt að leyfa Chico að ferðast með okkur heim. Bætt var á hann lyfjaskammti og keyrt heim í Egilsstaði. Eftir myndatökur í Reykjavík kom í ljós

að Chico þurfti að fara í aðgerð til að laga vöðvafestingar í öxl og því væri útséð með frekari þátttöku hans í leikjum sumarsins. Aðgerðin var framkvæmd í lok júlí og gekk að óskum. Skrúfaðar voru festingar í bein í öxl svo festa mætti vöðvana aftur á sinn stað. Í hnotksurn sanngjarnt jafntefli en möguleikar fyrir bæði lið að vinna.

Næsti leikur var á móti Aftureldingu á Fellavelli þar sem Vilhjálmsvöllur var upptekinn vegna Sumarhátíðar UÍA. Afturelding með velspilandi og gott fótboltalið og ljóst að um erfiðan leik yrði að ræða. Hattarliðið náði hinsvegar mjög góðum leik og vann sanngjarnan 2-1 sigur. Fyrri hálfleikur var markalaus og lítið um færi. Alexander skoraði gott mark í byrjun seinni hálfleiks og fátt benti til þess að Afturelding kæmist aftur inní leikinn. Um miðjan seinni hálfleik skoruðum við sjálfsmark þegar nánast engin hætta var við okkar mark. Þetta mótlæti virtist bara efla liðið því Högni kom inná strax eftir jöfnunarmarkið og náði hann fljótlega að koma okkur aftur yfir og þar við sat. Í hnotskurn góður sigur þar sem við skorum 2 fín mörk. Skorum klaufalegt sjálfsmark sem hefði getað verið dýrkeypt.

Þegar ég ræði við leikmenn eða aðstandendur liðsins þá berst talið oftast nær að útilekjunum við Gróttu og Njarðvík sem þeir leikir þar sem vonir okkar um toppbaráttu hurfu endanlega. Af hverju er það? Jú við áttum að vinna báða þessa leiki. Aðstaðan á Vivaldivellinum á Seltjarnarnesi er til fyrirmyndar og veðrið á leikdag ekki af verri endanum, sól og blíða. Það var hins vegar það eina sem gladdi mann í leikslok. Leikurinn var jafn framan af en um miðjan hálfleikinn komst Alexander einn á móti markmanni Gróttu sem braut á honum utan teigs. Marteinn náði boltanum og skoraði en dómarinn dæmi aukaspyrnu og vísaði markmanninum af velli. Brynjar tók aukaspyrnuna og skorði með frábæru skoti efst í hornið. Eftir markið tókum við öll völd á vellinum og gátum auðveldlega skorað fleiri mörk í fyrri hálfleik. Sérstaklega áttu Gróttumenn í erfiðleikum með að stoppa sóknir okkar upp hægri kanntinn þar sem Halldór Jón fór mikinn. Í byrjun seinni hálfleiks ná heimamenn að jafna. Þeir eiga vonlaust skot á markið af löngu færi. Boltinn á viðkomu í amk tveimur varnarmönnum okkar sem gátu hæglega gert betur og endar hjá sóknarmanni Gróttu sem nýtir aulaskapinn og skorar. Það sem eftir lifði leiks sóttum við á mark Gróttu og náðum amk 3 sinnum að komast einir gegn markmanni Gróttu sem sá við okkur í öll skiptin. Í blálokinn nær varnarmaður Gróttu að hreinsa langt fram völlinn. Tveir varnarmenn okkar eru að passa sóknarmann Gróttu en hann fer nokkuð auðveldlega framhjá þeim og skorar sigurmarkið. Í hnotskurn erum við betri mest allan leikinn og manni fleiri frá 30 mín. Komumst fyrir og fáum fín færi til að klára leikinn en gefum klaufaleg mörk og tekst einhvern vegin að tapa.

Þar sem Diddi var farinn aftur í Fram var Anton Helgi mættur í markið þegar við mættum heimamönnum í Njarðvík á Njarðtaksvellinum. Í 70 mínútur höfðum við öll völd á vellinum. Komnir 2 mörkum yfir og ekkert benti til annars en 3 stig væri í höfn. Jordan og Högni búnir að skora í fyrri hálfleik og nákvæmlega ekkert í gangi hjá heimamönnum þegar skot utan af velli breytir um stefnu á þúfu og endar

Steinar Logi kom aftur heim.

Kristófer Örn gegn Sindra.

í markinu. Við þetta jafnaðist leikurinn en áfram fengum við mjög góð færi. Það var svo á 94 mínútu að Njarðvík náði að jafna með síðustu spyrnu leiksins. Markið var að dýrari gerðinni. Fyrirgjöf Njarðvíkur var skölluð frá markinu og út fyrir vítateiginn þar sem leikmaður þeirra tók bakfallsspyrnu sem endaði í þverslána og niðurí markið alveg út við samskeytin. Og maður hugsar hvað er eiginlega í gangi. Í hnotskurn vorum við yfirburðarlið í 70 mínútur og áttum að klára þennan leik auðveldlega. Fáum á okkur mark með síðustu spyrnu leiksins. Hvernig í ósköpunum!!

Leikurinn á móti Vestra á Vilhjálmsvelli bauð líka uppá eitthvað alveg nýtt því Vestramenn komust yfir í leiknum eftir 14 sekúndur og bættu svo öðru marki við eftir 14 mínútur. Við réðum ekkert við vestfirðinga í byrjun leiks og máttum þakka fyrir að lenda ekki meira undir. Eftir um hálfíma leik náðum við að minnka muninn þegar Jordan skoraði gott mark og náði þannig að snúa frumkvæðinu okkur í vil. Í hálfleik voru allir sammála um að mæta til leiks í þeim seinni og gefa allt í verkefnið. Garðar Már og Högni skoruðu góð mörk og eftir það var aldrei spurning um hvar stigin myndu enda. Steinar Logi var mættur í markið hjá Hetti í þessum leik og stóð fyrir sínu en hann spilaði síðast fyrir liðið í júní árið 2005.

Í fyrsta leik eftir Verslunarmannahelgina mættum við á Ólafsfjarðarvöll og mættum heimamönnum í KF. Eins og venjulega var völlurinn frábær en það sama verður ekki sagt um leikinn. Við vorum ekki góðir í þessum leik. Náðum þó að skapa ágæt færi í fyrri hálfleik og voru kannski heldur betra liðið. Í seinni hálfleik komu heimamenn meira inní leikinn og voru nálægt því að taka öll stigin. Steinar Logi ver víti í seinni hálfleik og tryggir okkur stig. Í hnotskurn bara lélegt.

Fyrir leikinn gegn ÍR á Hertz vellinum í Reykjavík var ljóst að við þyrftum að gera mun betur til að eiga möguleika í besta lið deildarinnar. Það gerðum við ekki. ÍR í raun rúllaði yfir okkur frá fyrstu mínútu og var staðan í hálfleik 4-0. Heimamenn bættu við einu marki í þeim seinni og lokatölur því 5-0. Fyrir leik var lagt á það mikla áherslu að verjast þétt sem lið og að halda boltanum vel þegar við kæmust ofarlega á völlinn þar sem ÍR-ingar eru afar góðir að sækja hratt. Það virðist ekki hafa skilað sér nægilega vel því 2 fyrstu mörk heimamann voru eftir að við töpuðum boltanum illa og þeir sóttu hratt á okkur. Í hnotskurn þá var þetta bara rúst.

Þegar kom að leiknum við KV á Vilhjálmsvelli var ljóst að við urðum að vinna til að lenda ekki í alvarlega í fallbaráttunni. Það virðist henta okkur vel að spila þegar við erum komnir með bakið upp við vegg því það var nokkuð ljóst frá fyrstu mínútu að við myndum vinna þennan leik. Aðeins spurning hvenær en ekki hvor við myndum skora fyrsta markið. Það kom eftir hálftímaleik þegar Högni skoraði. Ekki liðu nema nokkrar mínútur þar til KV jafnaði með marki beint úr aukaspyrnu. Allir voru sammála um það í hálfleik að þjappa sér saman og ganga frá þessu leik. Um miðjan seinni hálfleik var staðan orðin 3-1. Fyrst skoraði Brynjar með góðu skoti úr teignum og svo Alexander með hnitmiðuðu skoti. KV náði að hleypa smá spennu í leikinn undir lokinn þegar þeir skoruðu frábært mark með langskoti í skeytin inn. Í hnotskurn var þetta auðveldur sigur sem við hefðum þó getað hent frá okkur í lokin.

Kristófer Einarsson með fyrirgjöf.

Gísli Björn með Donys í gæslu.

Leikur okkar gegn Ægi á Þorlákshafnarvelli verður að teljast einn lélegasti leikur sem liðið hefur spilað mörg undanfarin ár. Ægismenn mættu til að berjast og við vorum bara alls ekki tilbúnir í þá barátttu. Við komumst reyndar yfir í byrjun leiks þegar Brynjar skoraði með skoti úr teignum og stuttu síðar björguðu heimamenn skalla frá Ísleifi á marklínu. Í seinni hálfleik skoraði Jonathan Hood leikmaður Ægis 2 mörk og tryggði þeim öll stigin. Tók hann þar sér til fyrirmyndar frænda sinn Robin þegar hann rændi þá ríku og gaf þeim fátæku því Ægismenn voru afar fátækir af stigum fyrir þennan leik. Sigurinn gaf þeim lífsvon í deildinni. Í hnotskurn gátum við ekkert í þessum leik.

Leikir Hattar og Völsungs hafa oftar en ekki boðið upp á skemmtun. Það verður ekki sagt um leik liðana á Vilhjálmsvelli þetta sumarið. Alexander kom okkur fyrir snemma leiks þegar hann skallaði inn eftir þvögu í teig gestanna. Bæði lið fengu sín færi og nýttu gestirnir eitt þeirra þegar þeir jöfnuðu leikinn þegar um 10 mínútur voru eftir. Í hotskurn lélegur leikur og jafntefli sanngjörn úrslit.

Magni á Grenivík er flottur klúbbur og alltaf tekið vel á móti manni þar. Völlurinn og umgjörðin til fyrirmyndar og spila heimamenn alltaf fast til sigurs. Miðað við þá stöðu sem liði var komið í á þessum tíma áttu fæstir von á að við myndum gera mikið í þessum leik. Mikil forföll voru í liðinu þennan dag. Frikki og Kristófer Einars veikir, Högni forfallaður og Chico og Garðar Már meiddir. Þá voru Ísleifur og Gísli veikir en mættu samt til leiks síðar kom í ljós að Gísli var með lungnabólgu. En allt þetta þjappaði mannskapnum bara betur saman og strax frá fyrstu mínútu vorum við mjög þéttir varnarlega og áttu 2 fín færi í fyrri hálfleik. Um miðjan fyrri hálfleik fékk Runólfur Sveinn slæmt höfuðhögg og var nokkra stund að jafna sig. Hann vildi fyrir alla muni halda áfram leiknum þegar skynsamlegast hefði verið að gera skiptingu. Því miður lét ég þetta eftir honum og hann kom aftur inná. Undir lok fyrri hálfleiks fékk hann annað höfuðhögg og ekki möguleiki fyrir hann að halda áfram. Eftir á að hyggja þá átti ég aldrei að taka það í mál að Runi héldi áfram leik eftir höfuðhöggið. Í seinni hálfleik kom Marteinn inná í vinstri bakvörðinn og Kristófer fór í miðvörðinn fyrir Runa. Áfram var leikurinn jafn en lítið um marktækifæri. Þegar komið var fram í uppbótartíma var maður farinn að vonast eftir lokaflautinu og jafntefli enda væru það fín úrslit. Dómari leiksins hafði gefið til kynna að 5 mínútum yrði bætti við leiktímann. Maður því nokkuð pirraður þegar leiktíminn var kominn 7 mínútur framyfir og leikurinn enn í gangi. Við náum þá að vinna boltann framarlega á miðjunni og spilum honum uppí hægra hornið þar sem Brynjar á sendingu beint á kollinn á Alexander sem skallar boltann í bláhornið. Magnamenn taka miðju og dómarinn flautar leikinn af. Í hnotskurn lögðu allir sig 100% fram og uppskáru eftir því.

Eftir frábæra frammistöðu gegn Magna voru menn nokkuð bjartsýnir á góðan leiki þegar við mættum Sindra á Vilhjálmsvelli. Sú varð þó ekki raunin því Sindramenn voru mikið betra liðið og hreinlega spiluðu okkur sundur og saman. Staðan í hálfleik var 0-3 fyrir gestina og það var verðskuldað. Í seinni hálfleiki náðum við að bæta okkar leik aðeins og á 2 mínútna kafla um miðjan seinni hálfleiki náðum við að skora 2 mörk. Fyrst settu Sindramenn boltann í eigið net og svo skoraði Alexander með skoti úr teignum. Jöfnunarmarkið kom hins vegar ekki og úrslitin 2-3 sigur Sindra sem voru vissulega sanngjörn útslit. Eftir jafntefli í leik KF og Ægis sem leikinn var á sama tíma var ljóst að sæti Hattar í 2. deild var orðið öruggt. Í hnotskurn var þetta bara lélegur leikur.

Hattarmenn mættu í Mosfellsbæinn í rjómablíðu. Bæði lið gerðu sig kár og löbbuðu síðan sem leið lág framhjá frábærum aðalvelli þeirra Mosfellinga og niður að nánast ónýtum gerfigrasvelli þar sem leika skyldi við Aftureldingu. Leikur okkar var í sama gæðaflokki og völlurinn sem sagt ömurlegur. Varnarleikurinn var ekki staðar og þegar Afturelding náði ekki að nýta færin sín gerðum við það bara fyrir þá með því að skora sjálfsmark. Staðan í hálfleik var 4-0 fyrir heimamenn og þrátt fyrir að Brynjar næði að setja tvö mörk þá í seinni hálfleik bætti Afturelding við þremur. Lokatölur 7-2 sem er bara vandræðalegt fyrir alla sem koma að liðinu. Í hnotskurn er ekkert hægt að segja.

Lokaleikur sumarsins var á Vilhjálmsvelli gegn Gróttu. Við höfðum ekki að miklu að keppa í þessum leik en hann var hins vegar afar mikilvægur fyrir Gróttu sem varð helst að vinna. Því ef Afturelding

Fyrirliðinn leggur upp mark gegn KF.

Chico meiddist illa og missti af hálfu mótinu.

Alexander Már gegn Einherja.

myndi vinna ÍR á sama tíma og Grótta tapa færu Mosfellingar upp fyrir þá í baráttunni um 2. sætið. Chico var kominn tilbaka eftir meiðsli og var mættur í miðvörðinn. Í upphafi leiks vorum við mjög þéttir varnarlega og eftir um hálftíma leik skoraði Brynjar með frábæru skoti utan af velli, sláin inn. Þegar hér var komið við sögu tók dómarinn leikinn í sínar hendur. Fyrst er Chico rekinn útaf fyrir litlar sakir á meðan dómarinn sleppir leikmanni Gróttu með glórulaust brot á Runólfi. Á þessum tíma er dómarinn búinn að missa öll tök á leiknum. Í upphafi seinni hálfleiks kemst leikmaður Gróttu í gott færi en skýtur framhjá þegar hann er búinn að skjóta og boltinn kominn útaf vellinum rekst varnarmaður okkar eitthvað utan í hann og dómarinn telur það verðskulda vítaspyrnu. Ég sagði dómaranum mína skoðun á þessu og fékk að launum rautt spjald mitt fyrsta á ferlinum sem leikmaður eða þjálfari. Þar sem ég þurfti að horfa á restina af leiknum úr stúkunni þá hafði ég nokkuð góða yfirsýn. Og það sem gerðist var að smá saman náðum við tökum á leiknum og vorum betra liðið. Við náðum að skapa okkur nokkur úrvals færi en markmaður Gróttu sá við okkur. Alveg undir lok leiksins fór Jökull Steinn illa með nokkra varnarmenn Gróttu og komst inná teig þar sem hann var felldur og viti menn dómarinn dæmdi víti. Jökull fór á punktinn og tryggði okkur sigur. Liðið leit vel út í þessum leik gegn einu af bestu liðum deildarinnar. Í hnotskurn sterkur sigur en því miður bara í síðasta leik tímabilsins.

Rýnum aðeins í tölfræði sumarsins

Ef við skoðum bara árangur í heimaleikjum liðanna hefði Hattarliðið endað í 4-5 sæti með Gróttu sem endaði í 2. Sæti og Afturelding hefði endað í 2. sæti í þeirra stað. ÍR er með langbesta árangurinn á heimavelli og KF og Njarðvík þann slakasta. Það sem kemur kannski mest á óvart er slakur árangur Vestra og Sindra á heimavelli.

Félag	Stig
ÍR	28
Afturelding	23
Magni	23
Grótt	21
Högni	21
Völsungur	18
Sindri	16
Ægir	16
Vestri	15
KV	12
Njarðvík	11
KF	11

Hattarliðið náði í 21 stig á heimavelli vann 6 leiki gerði 3 jafntefli og tapaði 2 leikjum. Leikurinn við Sindra tapaðist verðskuldað en það var óheppni að fá ekki stig á móti Njarðvík og liðið hefði getað unnið alla 3 leikna sem enduðu með jafntefli.

Heilt yfir má þó segja að 21 stig á heimavelli hafi verið á pari við spilamennsku liðsins.

Ísleifur í baráttunni gegn Aftureldingu.

Árangur liðsins á útivelli er hins vegar afleitur og uppskeran einungis 6 stig af 33 mögulegum. Aðeins Ægir og KF liðin sem féllu voru með slakari árangur á útivelli.

Hattarliðið vann aðeins 1 leiki á útivelli gegn Magna á Grenivík og það var með sigurmarki á 98 mínútu og með síðustu snertingu okkur í leiknum þar sem Magni náði aðeins að taka miðju í framhaldi af markinu.

Liðið gerði jafntefli við Sindra, Njarðvík og KF þar sem möguleiki var á sigri en til þess þarf að nýta færin og skora mörk.

Liðið fékk rassskell á móti ÍR og Aftureldingu en átti góða möguleika á móti KV, Gróttu og Völsungi. Leikurinn á móti Vestra var nokkuð jafn en liðið var lélegt á móti Ægi og tapaði sanngjarnt.

Félag	Stig
ÍR	26
Grótta	22
Afturelding	18
Sindri	16
Vestri	14
Njarðvík	14
KV	9
Magni	8
Höttur	6
Völsungur	6
Ægir	5
KF	2

	ÍR	Grótta	Afturel.	Sindri	Magni	Vestri	Höttur	Stig
ÍR	-	3	6	6	1	6	4	26
Grótta	3	-	2	4	6	4	3	22
Höttur	1	3	3	1	6	3	-	17
Magni	4	0	3	4	-	3	0	14
Vestri	0	1	4	3	3	-	3	14
Afturel.	0	2	-	4	3	1	3	13
Sindri	0	1	1	-	1	3	4	10

Ef við skoðum hvernig Hattarliðinu gekk á móti liðum í efri hluta deildarinnar þá hefði liðið endað í 3. sæti á eftir ÍR og Gróttu í 7. liða deild.

Ef við skoðum hins vegar neðri hluta deildarinnar þá hefði liðið

	Höttur	Njarðvík	Völsungur	KV	Ægir	KF	Stig
Njarðvík	4	-	2	4	6	1	17
Völsungur	4	2	-	1	3	4	14
KV	3	1	4	-	3	3	14
Ægir	4	0	3	3	-	4	14
Höttur	-	1	1	3	1	4	10
KV	1	4	1	3	1	-	10

fallið með einungis 10 stig af 30 mögulegum. Liðið fékk bara 1 stig af 6 mögulegum í leikjum sínum á móti Njarðvík, Völsungi og Ægi.

Eflaust er hægt að lesa margt út úr þessum tölum og velta vöngum og læt ég öðrum það eftir.

Ég þakka öllum fyrir samstarfið í sumar, leikmönnum, stjórninni, stuðningsmönnum og styrktaraðilum. Bestur þakkir til ykkar allra. Ég vil sérstaklega þakka Andra Þór liðstjóra, Jóni Karls aðstoðarþjálfara, Kristjáni og Berg Valdimar fyrir hjálpina í sumar.

Það liggur fyrir að ég mun ekki þjálfa liðið áfram og vil ég óska nýjum þjálfara velfarnaðar.

Gunnlaugur Guðjónsson
Þjálfari mfl. karla

FORMANNSPISTILL YNGRI FLOKKA

Nú er nokkuð liðið á haustönnina og jólin nálgast óðfluga. Þá er ekki úr vegi að líta yfir starf yngri flokka knattspyrnudeildar Hattar á árinu. Óhætt er að segja að það hafi verið gjöfult og iðkendafjöldinn mikill og stöðugur. Öflugt starf er unnið í hverjum og einum flokk, sem og hjá deildinni sameiginlega. Elstu flokkarnir hafa þar fyrir utan verið í samstarfi við Fjarðabyggð um reglulegar samæfingar og einnig sameiginleg lið á Íslandsmóti sumarið 2016. Allir flokkar frá og með 6. flokki tóku þátt í Íslandsmóti og auk þess var farið á mikinn fjölda opinna móta um allt land. Í júní lögðust stjórn, foreldrar og iðkendur úr öllum flokkum síðan á eitt og héldu Þ.S. mót fyrir 8. til 6. flokk karla og kvenna í blíðskaparveðri á Fellavelli. Mótið tókst vel og er það mál manna að það sé alltaf gott veður á mótinu – 7, 9, 13. Stjórnin vill þakka öllum sem lögðu hönd á plóg og sérstaklega styrktaraðilum mótsins með Þ.S. verktaka í broddi fylkingar.

Eins og svo oft áður var það talsverð áskorun í haust að manna allar stöður þjálfara. Með mikilli vinnu yfirþjálfara yngri flokkanna, Sigríðar Baxter, fengust til starfa nýir þjálfarar, bæði ungir og áhugasamir með ferskar hugmyndir í bland við reynslubolta í þjálfun og atvinnumensku í fótbolta. Vel tókst til og hjá Hetti starfa nú reyndir og vel menntaðir þjálfarar og þeim til aðstoðar fjöldi aðstoðarþjálfara. Þrátt fyrir það er reynt að halda æfingargjöldum lágum. Annað árið í röð hefur foreldrum verið gefinn kostur á því að greiða árgjald strax í upphafi starfsárs og njóta með því ákveðinna afsláttarkjara. Annir eru annars óbreyttar frá síðasta ári, haustönn er frá október til janúar, vorönn frá febrúar til maí og sumarönn frá júní til september. Nú er komin nokkur reynsla á að halda utan um skráningar iðkenda hjá öllum deildum Hattar í svokölluðu Nora kerfi og það er „allt í áttina“. En það má alltaf gera betur og því er um að gera að hvetja foreldra til að vera vel vakandi og gæta þess að skráningarmál fjölskyldunnar séu í lagi.

Nú er nýtt ár framundan og verður það án efa spennandi eins og fyrri ár. Ekki síst hjá 3. flokkunum sem annað hvert ár fara í keppnisferð erlendis. Stefnan hefur verið sett á Barcelona Cup 26. júní til 2. júlí 2017 en þangað fara tvö lið frá Hetti. Mikil vinna er samfara skipulagningu slíkra ferða og fjáröflun fyrir þær. En iðkendur og foreldrar hafa vitað af þessari ferð um árabil og því er sú vinna langt komin. Það styttist óðum í ferðina og margra ára tilhlökkun og bið er brátt á enda.

Fyrir hönd stjórnar yngri flokka knattspyrnudeildar Hattar vil ég þakka iðkendum, þjálfurum, tenglum og foreldrum fyrir gott samstarf og óska þeim góðs gengis á nýju ári.

Með Hattar jólakveðjum,
Eva Dís Pálmadóttir

Höttur þakkar eftirtöldum fyrirtækjum fyrir stuðninginn á árinu

Sókn lögmannsstofa
RAFEY Egilsstaðir
VERKÍS
VÍS
ÍSKRAFT rafiðnaðarverslun

8. FLOKKUR

Neðsta röð frá hægri: *Garðar Páll, Erika, Bjarki, Elvar Ási, Daníel, Styrmir, Bára, Hrafnhildur Ylva, Axel, Haukur, María & Sólveig.* ***Miðjuröð frá hægri:*** *Baldur Óli, Guðfinnur, Dagný, Bjarki, Bjarni, Egill, Aron Daði, Hrafnhildur Hlín & Hjörtur.* ***Efsta röð frá hægri:*** *Breki Hrafn, Katrín, Bryndís, Tjörvi, Birgir, Fannar, Tómas & Eyvör.*

RA.is BÍLAVERKSTÆÐI AUSTURLANDS

Miðás 2 | 700 Egilsstaðir | 470-5070

Mastercraft JEPPADEKK | NANKANG | HANKOOK | Continental | NEXEN | GT RADIAL

7. FLOKKUR

Neðsta röð frá hægri: A*lexander, Ágúst, Þorleifur Hólm, Steján, Sigfús Arnar, Jana, Helgi Magnús & Róbert Þorri.* ***Miðjuröð frá hægri:*** *Móeiður, Sveinn, Kristófer Jón, Jónatan Máni, Þórhallur, Brynjar Pálmi, Óskar & Kamilla.* ***Efsta röð frá hægri:*** *Jón Karl, Eyþór, Arnar Harri, Björgvin, Dagur Logi, Theodór & Valgeir.*

6. FLOKKUR KVENNA

Neðri röð frá hægri: *Guðný Edda, Ína Berglind, Sigríður Svandís, Áslaug María, Sigríður Fanney & Bóel Birna.* ***Efri röð frá hægri:*** *Sigríður Baxter, Íris Ósk, Margrét Lilja, Karítas Mekkín, Íris Vala & Diljá Mist.*

... svo þú eigir auðveldara með að taka þínar ákvarðanir

Sumar ákvarðanir um fjármál eru hversdagslegar, aðrar með þeim mikilvægustu á lífsleiðinni. Okkar hlutverk er að veita þér bestu ráðgjöf, fræðslu og þjónustu sem völ er á til að auðvelda þér að taka þínar ákvarðanir.

Við tökum vel á móti þér í næsta útibúi og á islandsbanki.is

Íslenska ánægjuvogin 2014 · Íslenska ánægjuvogin 2015 · Euromoney 2008 · Euromoney 2014 · Euromoney 2015 · The Banker Bank of the Year 2014 Iceland

Íslandsbanki

6. FLOKKUR KARLA

Neðsta röð frá hægri: *Hallgeir, Hrafn, Árni Veigar, Eysteinn, Ívar Logi, Kristófer, Steinar & Ólafur.* ***Miðjuröð frá hægri:*** *Hörður, Hilmir, Eyþór, Páll, Óliver, Daníel, Viktor Óli, Eyþór Breki & Sigurður Alex.* ***Efsta röð frá hægri:*** *Ljubisa Radovanovic þjálfari, Birgir, Eyvindur, Vignir, Arnór, Tómas Andri, Róbert & Dagur.*

Gleðileg jól

frá Birtu og Olgu

Áfram Höttur

EIMSKIP
Flytjandi

*Frá **hægri**: Sigríður Baxter, Anna Sigíður, Jóhanna Lilja, Hólmfríður Ósk, Dögun & Íris Ósk.*

5. FLOKKUR KARLA

Neðsta röð frá hægri: *Stefán, Júlíus, Markús, Heikir, Steinþór, Lúkas, Bjarki & Gunnar.* ***Miðjuröð frá hægri:*** *Sigríður Baxter, Jón Aðalsteinn, Vignir, Pétur, Daníel, Sigurður, Ármann, Þorlákur Breki & Björn Benedikt.* ***Efsta röð frá hægri:*** *Aron, Alexander, Unnar, Atli Páll, Tómas, Kristján & Valþór.*

SUBARU
Confidence in Motion

NÝR SUBARU
ER ÖRUGGUR VALKOSTUR

Subaru XV BOXER, bensín, sjálfskiptur
Verð 4.990.000 kr.
Eyðsla 6,5 l/100 km*

SUBARU FORESTER

Forester PREMIUM BOXER, dísil, sjálfskiptur
Verð 5.890.000 kr.
Eyðsla 6,0 l/100 km*

SUBARU OUTBACK

Outback PREMIUM BOXER, dísil, sjálfskiptur
Með EyeSight öryggismyndavélum
Verð 6.390.000 kr.*
Eyðsla 6,0 l/100 km*

EyeSight
Driver Assist Technology

ENNEMM / SÍA / NM77929 * Eldsneytiseyðslutölur miðast við uppgefnar tölur frá framleiðanda í blönduðum akstri.

SUBARU ER EINN ÖRUGGASTI BÍLL SEM ÞÚ GETUR KEYPT

Rekstraröryggi og gott endursöluverð er það sem allir þekkja og kemur fyrst upp í hugann. Lágur þyngdarpunktur, þverliggjandi BOXER vél og sítengt fjórhjóladrif með tölvustýrðri stöðugleikastýringu er lykillinn að akstursöryggi. Allir Subaru eru með 5 stjörnur í árekstrarprófunum EuroNCAP.

RVA.is **Bílasala Austurlands | Umboðsaðili BL ehf. | Miðás 2 | 700 Egilsstaðir | Sími: 470 5073**

BL

4. FLOKKUR KVENNA

Neðri röð frá hægri: *Lísbet, María & Katrín.* ***Efri röð frá vinstri:*** *Elísabet, Jóhanna & Arna.*

4. FLOKKUR KARLA

Neðsta röð frá hægri: *Finnur, Davíð, Andri, Gunnar, Arnór & Víðir.* ***Miðjuröð frá hægri:*** *Sigríður Baxter, Eiður, Daníel, Unnar, Jón Aron, Arnar & Róbert.* ***Efsta röð frá hægri:*** *Gunnþór, Óðinn, Kristinn, Almar, Valdimar & Bjarki.*

Óskum
íþróttafélaginu
Hetti gleðilegra jóla
og farsældar á nýju
íþróttaári.

Landsvirkjun
Fljótsdalsstöð

Neðri röð frá hægri: *Heiðrún, Halla, Fjóla, Elísabet, Rebekka & Hildur.* ***Efri röð frá hægri:*** *Agnes, Brynhildur, Bjarndís, Valdís, Halldóra & Sara Atladóttir þjálfari.*

Neðri röð frá hægri: *Kristófer, Arnar, Erlingur & Jónas.* ***Efri röð frá hægri:*** *Brynjar, Jakob, Jóhann & Sölvi.*

Yngri flokkar Hattar tímabilið 2015-2016

Æfingar hjá yngri flokkum Hattar hófust aftur þann 3. október eftir 2 vikna haustfrí. Aðalþjálfarar voru Sigríður Baxter með 7.-8. flokk karla og kvenna, Ljuba Radovanovic með 6. flokk karla og 3. flokk karla, Friðrik Ingi Þráinssson með 5. flokk karla, 5. flokk kvenna og 6. flokk kvenna, Jónas Ásþór Hafsteinsson með 4. flokk kvenna, Gunnlaugur Gunnlaugson þjálfaði 4. flokk karla þar til í byrjun apríl en þá tók Jordian Farahani við flokknum. Sara Atladóttir þjálfaði svo sameiginlegt lið Hattar og Fjarðabyggðar í 3. flokk kvenna. Margir aðstoðarþjálfarar komu einnig að þjálfun en það voru Lillý Viðarsdóttir, Guðjón Hilmarsson, Halla Helgadóttir, Brynjar Þorri Magnússon og Daníel Ingi Davíðsson.

Margir koma að því að yngri flokkar Hattar séu starfandi og það er frábært fólk sem vinnur það starf af mikilli ósérhlífni.

Tímabilið 2015-2016 voru um 200 iðkendur að æfa frá 8. flokk til 3. flokks karla og kvenna. Iðkendum hefur fjölgað töluvert í yngstu flokkunum en það var eitt af mínum markmiðum sem ég setti mér þegar ég hóf störf sem yfirþjálfari í febrúar 2014. Einnig hefur getumunur iðkenda minnkað og fleiri góðir leikmenn eru í hverjum flokk.

Erfitt hefur verið að manna kvennalið yngri flokka Hattar undanfarin ár. Nú í september var stofnaður 7. flokkur kvenna og er það starf á tilraunastigi. Um tólf stelpur eru að mæta á æfingar sem er mjög jákvætt og þróun í rétta átt, en hingað til hefur aldrei áður verið starfandi sér 7. flokkur kvenna.

Þjálfarar yngri flokka Hattar reyna ávallt að gera sitt besta til þess að vinna eftir ákveðnum stefnum og markmiðum félagsins. Ein af þessum stefnum er getuskipting iðkenda. Getuskipting miðar að því að allir leikmenn fái verkefni við hæfi hvort sem þeir eru lengra eða styttra komnir þrátt fyrir aldur eða kyn.

Til eru rannsóknir sem styðja getuskiptingu og rannsóknir sem mæla á móti getuskiptingu. Mín reynsla er sú að iðkendur taka frekar framförum og eru jákvæðari þegar það er getuskipt á æfingum. Þeir sem eru búnir að æfa í skemmri tíma æfa og spila með jafningjum og geta þar upplifað árangur og ánægju. Þegar við setjum þá lakari með þeim sem eru lengra komnir, þá lenda þeir í hlutverki þar sem þeir fá boltann sjaldnar og eru svo skammaðir þegar þeim mistekst. Þeir leikmenn sem eru lengra komnir senda ekki á hina, fara sjálfir, sóla og skora. Í yngri flokkum Hattar vinnum við eftir þeirri stefnu að getuskipta, þó það sé ekki alltaf gert. Við erum heppinn að hafa góða þjálfara sem passa upp á alla iðkendur, hvort sem þeir eru lengra eða styttra komnir. Ég tel að þar sem getuskipting eru ekki að virka sem skildi þá eru þjálfarar ekki að vinna vinnu sína nægilega vel og einblína of mikið á þessa sem betri eru. Galdurinn er að sýna öllum jafnan áhuga, leyfa iðkendum að finna að þau eru jafn mikilvæg hvort sem þau spila í A- liði eða D- liði. Það eru ekki síður iðkendurnir sem spila í C og D liðum í yngri flokkum sem skila sér upp í meistarflokka og æfa lengur en hinir sem voru alltaf voru í A-liðum.

Það er mikilvægt að foreldrar treysti þjálfurum um velferð barna sinna þegar kemur að þessu því þjálfarar eru ekki bara þjálfarar heldur einnig uppalendur og fyrirmyndar barnanna sem þeir þjálfa. Samkvæmt Stefnuyfirlýsingu KSÍ skal haft það að leiðarljósi að knattspyrnuiðkun skuli vera þroskandi líkamlega, félagslega og sálrænt. Með því móti má skapa aðstæður fyrir mun fleiri börn og unglinga til að njóta sín innan knattspyrnuhreyfingarinnar. Sk ipulögð og markviss þjálfun getur skapað börnum og unglingum aðstæður til að verða afreksmenn seinna meir á lands- og/eða alþjóða mælikvarða þegar þeir hafa mesta líkamlega og sálræna hæfileika til þess. Jafnframt er gert ráð fyrir að þeir sem ekki velja afreksmennsku fái tækifæri til að stunda knattspyrnu við sitt hæfi.

KSÍ fór í markaðsherferð „ekki tapa þér“ sem bendir á mikilvægi þess að sýna góða hegðun og minnir okkur á að við erum öll fyrirmyndir. Hjá yngri flokkum Hattar hefur gengið vel að fá foreldra með okkur í lið til þess að vera góðar fyrirmyndir á mótum og leikjum yngri flokka. Foreldrar hvetja nú liðin í heild sinni en ekki bara einstaka leikmenn og láta yfirleitt í hendur þjálfara að leiðbeina inn á völlinn. Við getum þó alltaf bætt okkur og þurfum reglulega að minna okkur á að það eru börn inn á velli og utan vallar sem eru að hlusta á okkur og fylgast með hegðun okkar.

Það eru foreldrar og þjálfarar sem eru einn mesti áhrifavaldur á hvernig ungir iðkendur Hattar umgangast dómara, mótherja og samherja. Iðkendur þurfa að læra að koma fram við alla sem snúa að leiknum af virðingu sem er stór partur af leiknum. Með knattspyrnuiðkun læra börn tillitssemi, sjálfsaga og virðingu ásamt því að njóta samveru við jafnaldra undir leiðsögn þjálfara.

Mig langar að skora á foreldra til að vera hvetjandi hvað varðar ástundun á æfingar. Oft er kuldi, rigning, rok eða slappleiki notað sem afsökun til þess að sleppa æfingum en það er einmitt þá sem reynir á bæði iðkendur og foreldra. Þegar börn æfa knattspyrnu þá eru þau hluti af stórri heild sem kallast lið.

Knattspyrna er leikur þar sem við í yngri flokkum Hattar vinnum öll að því markmiði að skila af okkur sterkum einstaklingum út í samfélagið. Sumir enda kannski sem atvinnumenn en það sem meira máli skiptir er að iðkendur læri mikilvægi þess að hreyfa sig, lifa heilbrigðum lífsstíl og koma vel fram við aðra.

Eitt af því sem einkennir góða liðsheild er tilhneiging hóps til þess að standa saman og vinna saman sem ein heild í þeim verkefnum sem fást þarf við. Foreldar/forráðamenn, stórn og aðrir sem koma að starfi yngri flokka þið eruð frábær liðsheild sem gerir starfið okkar mögulegt. Takk fyrir árið, áfram Höttur.

Fótboltakveðja,
Sigríður B. Þorláksdóttir Baxter.

3. flokkur kvenna spilaði með sameiginlegu liði Fjarðarbyggð/leiknir, Hattar og Einherja. 25 stelpur tóku þátt í Íslandsmótinu fyrir 3. flokk kvenna í sumar. Liðið endaði 3 sæti, þremur stigum frá toppliði Þórs frá Akureyri. Liðið fór einnig á Reycup með bæði A og B lið. A-liðið byrjaði vel með því að vinna Breiðablik í fyrsta leik en endaði í 6 sæti í úrslitakeppni A- liða. B liðið fór stigvaxandi og endaði í 3 sæti í úrslitakeppni B-liða og komust á verðlaunapall þar sem þær tóku á móti bronsverðlaunum. Þetta var frábært sumar þar sem stór hópur metnaðarfullra stúlkna sýndi og sannaði að framtíðin er björt.

4. flokkur kvenna lék með sameiginlegu liði Austurlands í Íslandsmótinu þar sem liðið sigraði sinn riðil örugglega og lék til úrslita í Reykjavík. Þar fengu stelpurnar að spreyta sig gegn sterkum liðum, t.a.m. Íslandsmeisturum Vals. Austurland fór einnig á Rey Cup þar sem liðið hafnaði í 4. sæti í keppni B-liða eftir æsispennandi vítaspyrnukeppni í leik um bronsið. Frábært sumar að baki hjá efnilegum knattspyrnukonum sem eiga svo sannarlega framtíðina fyrir sér.

4. flokkur karla átti mjög gott tímabil. Þeir enduðu á að spila umspilsleik við Aftureldingu á Akureyri um sæti í úrslitakeppni Íslandsmótsins en töpuðu eftir drengilega baráttu. Þeir fóru einnig á ReyCup eins og undanfarin ár og spiluðu frábærlega, svo eftir var tekið. Því miður tókst ekki að komast í úrslit en þeir enduðu í þriðja sæti síns riðils aðeins stigi á eftir toppliðinu sem þeir gerðu jafntefli við og tvö mörk skildu að liðið í öðru sæti.

5. flokkur karla spilaði 10 leiki á Íslandsmóti í A og B liðum. Leikirnir á Íslandsmótinu voru erfiðir og töpuðust flestir stórt. Mikið var um breytingar á liðunum þegar leikir voru spilaðir og sjaldan voru sömu strákarnir í sömu liðum. Góð mæting var í leikina sem voru spilaðir á Egilsstöðum en erfitt var að manna lið í útileiki. Hafði það mikil áhrif á spilamennsku strákanna og úrslit leikja. Farið var á N1 mótið á Akureyri og lenti A-liðið í 9 sæti í C riðli og B-liðið lenti í 10. sæti í F riðli. Flottasta mót sumarsins fyrir 5. flokk var svo ÓB-mótið á Selfossi sem var í byrjun ágúst. Selfyssingar kunna svo sannarlega að halda mót og aðstaðan til fyrirmyndar, góð umgjörð á mótinu ásamt góðum dómurum. Við sendum 2 lið á mótið, B og D lið. Bæði lið unnu sig upp í efri styrkleikaflokk fyrsta daginn. D liðið endaði svo í 5. sæti í sínum lokariðli. B liðið endaði á því að vinna B1-keppnina, urðu ÓB meistarar, eftir magnaðan úrslitaleik við Keflavík. Þessi ferð á Selfoss var hugsuð sem fjölskylduferð, þeas strákarnir voru "frjálsir" eftir leiki og réðu sér sjálfir með sínum fjölskyldum. Margir gistu á tjaldsvæðinu, nokkrir í skólanum og aðrir út í bæ hjá vinum og vandamönnum. Þetta fyrirkomulag kemur einstaklega vel út og auðvelt fyrir tengla að halda utan um hópinn þegar margir leggjast á eitt.

5. flokkur kvenna byrjaði sumarið á því að fara á Pæjumótið í Vestamannaeyjum í byrjun júní. Mótið var frábær upplifun. Höttur spilaði við sterk lið sem var frábær reynsla fyrir stelpunar. Það sem var ekki síður skemmtilegt var frábært dansatriði stúlknanna á kvöldvökunni. Flokkurinn spilaði þrjár túrneringar á Íslandsmóti yfir sumarið. Fyrst á Vopnafirði svo á Höfn og síðast á Norðfirði við Fjarðarbyggð/Leikni, Sindra/Neista og Einherja og endaði Höttur í 3. sæti. Stelpurnar stóðu sig frábærlega og var gaman að sjá hversu mikið þær bættu sig yfir sumarið.

6. flokkur kvenna spilaði með bæði A og B-lið og tóku þátt í Hnátumótinu. Bæði lið stóðu sig frábærlega og lentu bæði lið í 2. sæti. Farið var til Akureyrar í úrslitakeppni þar sem 10 stelpur mættu, sem þýddi það að allar þurftu að spila og hlaupa meira en venjulega. Þær tóku þeirri áskoruninni með bros á vör og kláruðu sumarið með stæl. Einnig fór flokkurinn til Reykjavíkur og tók þátt í Símamótinu þar sem flest lið landsins taka þátt. Stelpurnar okkar sýndu hvað í þeim bjó, unnu tvo leiki og stóðu í stærstu liðum landsins.

7. flokkur var fjölmennur og voru c.a 30-35 að æfa þetta árið. Iðkendum fjölgaði yfir sumartímann og voru það aðallega stelpur sem bættust í hópinn. Fyrsta mót vetrarins var vel skipulegt og skemmtilegt dagsmót á Akureyri sem var virkilega gaman að taka þátt í. Margir af iðkendum 7. flokks voru þarna að keppa á sínu fyrsta móti. Einnig tókum við þátt á Fjarðarálsmótinu, Þ.S móti Hattar, Króksmótinu og Kiwanismóti Völsungs. Það var virkilega flott foreldrastarf sem fylgdi hópnum og á öllum mótum vorum við með fjögur lið skráð til keppnis.

8. flokkur æfði einu sinni í viku í Íþróttamiðstöðinni á Egilsstöðum. Iðkendum hefur fjölgað jafnt og þétt í gegnum árin og var iðkendafjölda 40-45 síðastliðin vetur. Iðkendur í þessum flokki eru 3-5 ára. 8. flokkur keppti á Stefnumótinu á Akureyri og Þ.S mótinu á Egilstöðum. Þjálfun þeirra miðast af því að hafa gaman, læra reglur, auka hreyfifærni og kenna boltameðferð.

Óskum íþróttafélaginu Hetti gleðilegra jóla og farsældar á nýju íþróttaári.

ÞS VERKTAKAR ehf.

VHE óskar landsmönnum öllum gleðilegrar hátíðar og farsæls komandi árs

VHE

EINSTÖK HÖNNUN · MEIRI ÞRÓUN · BETRI LAUSNIR

Vélaverkstæði
Hjalta Einarssonar ehf.